

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 97/1993. **Ákærvaldið**

gegn

**Donald Michael Feeney.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. B-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1993, sem barst réttinum sama dag. Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar lýsti ákærði því yfir, að hann skyti málinu til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur. Skilja verður greinargerð ákærða fyrir Hæstarétti svo, að hann krefjist þess til vara, að hann verði einungis látinn sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993, þar sem ákærði var fundinn sekur um brot gegn 193. gr. og 2. mgr., sbr. 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og gert að sæta fangelsi í tvö ár.

Eins og sagt var í dómi Hæstaréttar 15. febrúar 1993, ber nauðsyn til þess, að návist ákærða verði tryggð, á meðan mál ákærvaldsins gegn honum verður til lykta leitt fyrir dómi. Með skírskotun til þeirra forsendna, sem þar koma fram, ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, sbr. b-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 106. gr. sömu laga. Hins vegar þykir rétt að tiltaka, að gæsluvarðhald ákærða standi eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl 1993, þar sem ætla má, að Hæstiréttur muni þá hafa lokið dómi á mál ákærvaldsins gegn ákærða.

Kærumálaskostnaður er ekki dæmdur.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til Hæstiréttur hefur lokið dómi á mál ákærvaldsins gegn

honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl 1993 kl. 16.00.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. mars 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 2. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Sækjandi máls þessa hefur krafist þess, að Donald Michael Feeney, sem dæmdur var í tveggja ára fangelsi fyrir brot á 193. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í morgun, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00. Sækjandi málsins vísar til b-liðar 1. mgr. 103. gr., sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991, og til dóms Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar sl. í hæstaréttarmálinu nr. 75/1993.

Dómþoli hefur mótmælt kröfunni.

Dómþoli lýsti yfir við uppkvaðningu dómsins, að hann óskaði eftir að áfrýja honum til Hæstaréttar Íslands.

Með vísan til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá deginum í dag yfir dómþola og á grundvelli b-liðar 1. mgr. 103. gr., sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá 15. febrúar sl. í hæstaréttarmálinu nr. 75/1993, skal dómþoli sæta gæsluvarðhaldi áfram, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómþoli, Donald Michael Feeney, sæti áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudagsins 1. júní 1993 kl. 16.00.

---